

LÖG

um breytingu á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974
(breytingar á neyslurými).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. a laganna:

- Á eftir orðinu „sveitarfélagi“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: heilbrigðisstofnun eða frjálsum félagasamtökum.
- Í stað orðanna „Sveitarfélagi sem fengið hefur“ í 2. mgr. kemur: Sveitarfélagi, heilbrigðisstofnun eða frjálsum félagasamtökum sem fengið hafa.
3. mgr. orðast svo:
Neyslurými er lagalega verndað umhverfi þar sem fólk sem er 18 ára og eldra getur notað ávana- og fikniefni undir eftirliti starfsfólks og gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingarvarna.
- Á eftir orðinu „sveitarfélagi“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: heilbrigðisstofnun eða frjálsum félagasamtökum.
- Á eftir orðinu „Sveitarfélagi“ í 6. mgr. kemur: eða heilbrigðisstofnun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 2025.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Alma D. Möller.